

**583. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
miðvikudaginn 15. desember 2021  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

**AUKAFUNDUR**

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 583 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs - 2112062**

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi lögð fram til fyrri umræðu.

*Samþykkt samhljóða að vísa samþykktinni til síðari umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.*

**2. Fjárhagsáætlun 2021 - 2007024**

Viðauki nr. 2 vegna fjárhagsáætlunar 2021 lagður fram.

*Viðauki nr. 2 við fjárhagsáætlun 2021 er samþykktur samhljóða.*

**3. Lántaka 2021 - 2102590**

Lögð fram tillaga að lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna framkvæmda á árinu 2021.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 35.000.000.-, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við samþykta lánsúmsókn. Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum ársins sem felur í sér að vera verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Ólafi Þór Ólafssyni, sveitarstjóra, kt. 300572-5379, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.*

**4. Gjaldskrár 2022 - 2112050**

Gjaldskrár Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2022 lagðar fram til staðfestingar.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi gjaldskrár fyrir árið 2022:*

*\*gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Tálknafjarðarhreppi,*

*\*gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Tálknafjarðarhreppi*

*\*gjaldskrá félagsþjónustu,*

*\*gjaldskrá fyrir Íþróttamiðstöð,*

*\*gjaldskrá fyrir allar deildir Tálknafjarðarskóla.*

*Afgreiðslu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps er frestað til næsta fundar. Þar til ný gjaldskrá hefur verið samþykkt heldur núverandi gjaldskrá hafnarsjóðs gildi sínu.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu að fasteignagjöldum fyrir árið 2022.*

## **5. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - 2108058**

Fjárhagsáætlun 2022-2025 lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Í fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2022 og þriggja ára áætlun árunna 2023-2025 er gert ráð fyrir því að standa vörð um þá þjónustu sem íbúum á Tálknafirði er veitt um leið og ráðist er í nauðsynlegar framkvæmdir. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2022-2025 var unnið út frá ýmsum forsendum, svo sem hagspám, áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um útsvarstekjur, fasteignamati og áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í forsendum fjárhagsáætlunar er álagningarhlutfall útsvars óbreytt frá fyrri árum, eða 14,52% og álagningarhlutfall fasteignagjalda er óbreytt frá fyrra ári. Ýmsir rekstrarliðir sem ráðast af ytri þáttum eru hækkaðir til samræmis við spár um verðlagsbreytingar en aðrir eru lækkaðir um 2,5%. Í þjónustugjaldskrá er gert ráð fyrir hækkun sem nemur 2,5% á flestum liðum.

Í rekstraráætlun A og B hluta eru heildartekjur áætlaðar 397,4 mkr. og framlegð rekstrar fyrir afskriftir og fjármagnsliði neikvæð um 0,6 mkr. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða neikvæð, þannig að rekstrarhalli samstæðu A og B hluta er áætlaður 54,3 mkr. Gert er ráð fyrir langtíma lántöku til að mæta fjárþörf. Sú þörf mun þó minnka ef tekst að selja þær fasteignir sem þegar hafa verið settar á sölu. Þá ber að geta þess að Alþingi hefur samþykkt að víkja fjármálareglum sveitarfélga til hliðar til og með ársins 2025, en gert er ráð fyrir að þær taki á ný gildi árið 2026. Það er upplýst ákvörðun sveitarstjórnar að fara í framkvæmdir og auka skuldsetningu frekar en að fara inn í sameiningarviðræður á næstu árum með mikla framkvæmdaþörf.

Áhersla er lögð á að þjónustustig sveitarfélagsins verði ekki skert og að ráðist verði í nauðsynlegar fjárfestingar á vegum sveitarfélagsins. Það er þó ljóst að rekstur ársins 2022 verður þungur og því mikilvægt að gæta aðhalds í öllum aðgerðum. Ýmislegt hjá sveitarfélaginu þarf að taka til skoðunar með það að markmiði að ná fram bættum rekstrarárangri en um leið að tryggja að sveitarfélagið geti sinnt þeim verkefnum sem því ber.

Gert er ráð fyrir töluverðum fjárfestingum á vegum Tálknafjarðarhrepps á árinu 2022. Samtals er áætlað að fjárfesting sveitarfélagsins nemi 140 mkr. og er gert ráð fyrir lántöku til að mæta fjárþörf vegna hennar. Gert er ráð fyrir að skuldaviðmiðið 2022 samkvæmt reglugerð 502/2012 verði í árslok 141,7% sem er undir því 150% hámarki sem er skilgreint í sveitarstjórnarlögum. Áætlað er að handbært fé í árslok 2022 verði 4,9 mkr. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjárfestingarverkefni ársins 2022.

- a) Viðhaldsframkvæmdir og malbikun á íbúagötum í þéttbýli.  
60 milljónir kr.  
Íbúagötur á Tálknafirði eru langsveltar af viðhaldi og ekki hægt að fresta lengur að ráðast í nauðsynlegar aðgerðir til að koma þeim í ásættanlegt horf. Gert er ráð fyrir að í upphafi árs verði framkvæmdaáætlun sem var unnin árið 2019 tekin upp og endurunnin. Áhersla verður lögð á að sem mestur hluti gatna verði malbikaðar en í staðinn dregið úr áætlunum um endurnýjun lagna.
- b) Hlutur sveitarfélagsins í uppbyggingu Strandgötonnar.  
30 milljónir kr.  
Samkvæmt samningi við Vegagerðina um uppbyggingu og skil á þjóðvegi í þéttbýli. Um leið og gatan sjálf verður byggð upp og malbikuð verða gangstéttar endurbyggðar að hluta ásamt götulýsingu, byggð upp grjótvörn þar sem vegurinn liggur með sjó, gengið frá tengingu göngustígs yfir Hólsá og sett handrið á brúnna yfir ána.
- c) Kostnaður við breytingar á Nýjabæ.  
10 milljónir kr.  
Framkvæmdir við Nýjabæ verða kláraðar á árinu þannig að félagsstarf eldri borgara flytjist í húsið haustið 2022. Jafnframt munu slökkviliðsstöð og áhaldahús hafa vistaskipti og þannig unnið í átt að bættu starfsumhverfis slökkviliðs.
- d) Endurnýjun á rennibraut við sundlaug.  
10 milljónir kr.  
Nauðsynlegt er að endurnýja ónýta rennibraut við sundlaugina.
- e) Kostnaðarþátttaka vegna byggingar þjónustuíbúða.  
20 milljónir kr.  
Hafist verði handa við að stofna félag sem stendur að byggingu smárra íbúða á Tálknafirði sem geta nýst sem þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara, í samræmi við stofnframlag frá ríkinu. Gert er ráð fyrir að nýta tilbúna lóðir í þéttbýli undir slík hús.
- f) Framkvæmdir við Tálknafjarðarhöfn.  
5 milljónir kr.  
Gengið verður frá hönnun og undirbúningi framkvæmda við Tálknafjarðarhöfn í samstarfi við Vegagerðina.
- g) Ýmis smærri verkefni.  
5 milljónir kr.  
Undir þennan lið falla ýmis smærri verkefni sem gera má ráð fyrir að þurfi að fara í á árinu, svo sem í tengslum við undirbúning vegna virkjunar Hólsár, endurhönnun á lögnum og frágangi sundlaugar og viðhaldi eigna.  
Samtals 140 milljónir kr.  
Að auki verði sótt um styrk í Fiskeldissjóð til að standa straum af kostnaði við nauðsynlegar framkvæmdir við gatnakerfi og umhverfi á hafnarsvæði. Það verkefni fer þó ekki af stað nema til komi fjárveiting komi frá Fiskeldissjóði.

*Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2022-2025 er samþykkt samhljóða.*

## **6. Atvinnu- og hafnarnefnd - 31 - 2112002F**

Fundargerð 31. fundar Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 14.12.2021.

*Fundargerðin er staðfest.*

6.1 2112050 - Gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps 2022

6.2 2108058 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhafnar 2022

6.3 2112036 - Nýframkvæmda- og viðhaldsþörf hafna

6.4 2101560 - Fundargerðir 2021 Hafnasamband

**7. Fundargerðir 2021 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 2103024**

Fundargerð 136. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem fór fram 09.12.2021.

*Lagt fram.*

**8. Fundargerðir 2021 Hafnasamband - 2101560**

Fundargerð 440. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 03.12.2021.

*Lagt fram.*

**9. Fundargerðir 2021 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2102594**

Fundargerð 904. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 10.12.2021.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:15.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ)

---

Björgvin Smári Haraldsson (BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)